

1. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2017, haldinn 1. febrúar 2017 í Flúðaskóla kl. 13:30. 13. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Vigdís Furuseð, Jón Bjarnason, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara, Harpa Vignisdóttir, fulltrúi skólaráðs og Bjarni Másson. Ásmundur Lárusson og Ingvar Hjálmarsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Umbótaáætlun**
- 3. Vegvísir samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans**
- 4. Rekstur 2016**
- 5. Umsókn um greiðsluþátttöku**
- 6. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

- ❖ Margt hefur á daga okkar drifið síðan síðasta skýrsla skólastjóra var lögð fram á skólanefndarfundi. Í skýrslunni er stiklað á stóru um atburði sem við höfum tekið þátt í síðan síðast.
- ❖ Flúðaskóli gerðist í haust þátttakandi í Vinaliðaverkefni. Verkefnið rekur uppruna sinn til Noregs en var innleitt hér á landi árið 2013 og eru nú um 50 skólar á Íslandi starfandi í verkefninu. Vinaliðar eru valdir úr hópi nemenda og geta allir orðið vinaliðar. Vinaliðar sjá um leiki fyrir nemendur í frímínútum en þeir hafa áður fengið þjálfun og kennslu í fjölbreyttum leikjum. Þeir vinna undir stjórn kennara og stuðningsfulltrúa. Markmiðin með verkefninu eru m.a. að auka hreyfingu og bæta

samskipti nemenda í gegnum leik. Við erum mjög spennt að byrja með þetta verkefni og erum sannfærð um að það geti verið gott verkfæri til að auka félagsfærni nemenda.

- ❖ Þann 7. september fór yngsta stigið fór í skemmtilega haustferð um sveitina okkar. Gengið var að Gullfossi austan megin og engin orð fá líst fegurðinni þar. Grillaðar pylsur í Tungufellsdalnum og síðan gengið inn í Svartagil sem Svartifoss fellur í. Elín Jóna og Elín Helga tóku á móti síðan á þeim í Tungufellskirkju. Einnig sýndi Elín Jóna þeim þjóðbúninga sem hún hefur saumað. Síðan var farið að bænum Fossi við fossinn Foss, borðað nesti og tínd ber.
- ❖ Mánudaginn 12. September var Sigga Dögg kynfræðingur með fyrirlesturinn „Kjaftað um kynlíf“ fyrir nemendur og síðan seinna um daginn fyrir foreldra barna í 8. – 10. bekk.
- ❖ Árleg haustgönguferð var farin fimmtudaginn 15. september. Í ár var ferðinni heitið að Kaldbaksvatni. Ekið að bænum Kaldbak, þaðan gengið að vatninu.
- ❖ Þann 5. október fengum við í heimsókn til okkar góða gesti en það voru tónlistarmenn á vegum verkefnisins „List fyrir alla“. Þeir fóru með okkur í ferðalag suður um höfin og kynntu fyrir okkur ýmis lönd í Suður – Ameríku í málum og myndum.
- ❖ Miðstigið fór í sína árlegu menningarferð til Reykjavíkur þriðjudaginn 11. október. Þegar komið var til Reykjavíkur var byrjað á því að fara í göngu meðfram Tjörninni kíkt inn í Ráðhús Reykjavíkur og síðan farið á Þjóðminjasafnið. Þá var farið á Árbæjarsafnið þar sem vel var tekið á móti þeim dagurinn endaði á því að farið var í keilu.
- ❖ Þann 13. október var Forvarnardagurinn og tók 9.bekkur þátt í honum. Dagurinn var helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Bekkurinn horfði á myndband og vann í umræðuhópum þar sem þau veltu m.a. fyrir sér forvarnargildi skipulagðra tómstunda og samverustunda með fjölskyldu.
- ❖ Þriðjudaginn 25. október var Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, með fræðslu fyrir starfsfólk og síðan fyrir foreldra, um mikilvægi vináttu fyrir börn og unglinga, samskipti, einelti og börn í félagslegum vanda.

- ❖ Miðvikudaginn 16. nóvember var Dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur. Fyrir hádegi var Halldórmót í skák, á afmælisdegi Halldórs heitins húsvarðar í Flúðaskóla, eftir hádegi var opið hús í skólanum, boðið var upp á fjölbreytta dagskrá sem tileinkuð var grenndarsamfélaginu.
- ❖ Fimmtudaginn 17. nóvember fóru 9.og 10. bekkingar í menningarferð til Reykjavíkur ásamt umsjónarkennurum. Dagskrá dagsins var þéttþökkuð, m.a. fór 10.bekkur á Skólalping þar sem þau fetuðu í fótspor alþingismanna og 9.bekkur í heimsókn í Sjóminjasafn og Listasafn Reykjavíkur. Nemendur fóru í ratleik um miðborgina og svo í sund, þar sem þau gátu gert sig klár fyrir kvöldið. Dagurinn endaði svo með heimsókn í Þjóðleikhúsið þar sem við sáum söngleikinn Djöflaeyjuna, en nemendur höfðu verið að lesa bókina í íslenskutímum í skólanum.
- ❖ Þann 29. nóvember var sameiginlegur vinnufundur með kennurum Þjósárskóla um fyrirhugað samstarf og samvinnu milli Þjósárskóla og Flúðaskóla. Þessi fundur var bæði gagnlegur og skemmtilegur. Margar fínar hugmyndir komu fram um samstarf skólanna bæði hvað varðar nemendur og starfsfólk. Næsti sameiginlegi fundur skólanna verður haldinn í Þjósárskóla núna eftir áramótin.
- ❖ Dagur íslenskrar tónlistar haldinn hátíðlegur þann 1. desember og var sent út beint frá Hörpu og hittust allir nemendur og starfsfólk skólans og sungu samsöng.
- ❖ „Opinn skóli“ var fyrir foreldra í Flúðaskóla vikuna 5. – 9. desember 2016 fremur dræm þátttaka foreldra dregur ekki úr okkur að halda þessu áfram þar sem þetta samræmist skólastefnu sveitarfélagsins og viljum við tengja foreldra sem best við starfið okkar.
- ❖ Jóladagurinn var í Flúðaskóla, þriðjudaginn 20. desember og hófst kl. 10:30. Nemendur byrjuðu daginn með umsjónarkennurum, þar sem þeir voru með hefðbundin stofujól. Í hádeginu var boðið upp á hátíðarmat í mötuneytinu og síðan var farið út í Félagsheimili þar sem 5. bekkingar fluttu helgileik og dansað var í kringum jólatré. Gaman var að sjá að fleiri foreldrar mættu á jólaballið en áður hefur verið.
- ❖ Föstudaginn 6. janúar eða á þrettándanum var árlegur vasaljósadagur hjá okkur hér í Flúðaskóla. Nemendur og starfsfólk skólans fóru í skóginn í svarta myrkri, sungu saman og áttu notalega stund saman til að kveðja jólin.

- ❖ Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að nemendur fá ekki námsmatsmöppur á miðjum vetri heldur verður allt námsmat aðgengilegt á fjölskylduvef Mentors. Af þessu tilefni var opið hús fyrir foreldra, tveimur dögum fyrir foreldra- og nemendaviðtalsdag, þar sem boðið var upp á kennslu í því hvernig þeir nálgast upplýsingar í Mentor.
- ❖ Föstudaginn 20. Janúar komu 50 skólastjórnendur frá Reykjanesi, og kraganum í kringum Reykjavík í heimsókn til okkar og fengu fræðslu um skólastarf í Flúðaskóla og skoðuðu aðstöðuna inni og úti. Það er alltaf gaman að fá heimsóknir og geta sagt frá því góða og fjölbreytta starfi sem fram fer í Flúðaskóla.
- ❖ Þriðjudaginn 24. janúar fóru Guðný María, námsráðgjafi, og Katrín kennari með 10. bekkinn í heimsókn í Tækniskólann í Reykjavík og Borgarholtsskóla. Ferðin var samstarfsverkefni milli þeirra grunnskóla sem Guðný María kemur að í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi og fóru því alls 35 nemendur úr 10. bekk frá fimm grunnskólum á svæðinu. Markmið ferðarinnar var að víkka sjóndeildarhring nemenda um þá möguleika sem þeim stendur til boða í framhaldsnámi að loknum grunnskóla. Guðný María var afar ánægð með þessa ferð og vonast til að hún sé komin til að vera árlegur viðburður.
- ❖ 26. janúar var skákdagur Íslands. Af því tilefni fóru sigurvegarar Halldórsmótsins frá því 18. nóvember s.l. út í verslunina Samkaup Strax á Flúðum í morgunsárið og buðu gestum og gangandi í skákviðureign. Mældist þetta vel fyrir og var krökkunum vel tekið. Mátti sjá góð tilþrif á báða bóga og aldrei að vita nema þetta verði endurtekið.

2. Umbótaáætlun vegna ytra mats á Flúðaskóla.

Skólastjóri kynnti umbótaáætlun sem gerð var í kjölfarið á ytra mati á Flúðaskóla.

3. Vegvísir samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans

Skv. bókun 1 í kjarasamningum kennara á að greina ítarlega breytingar á starfsumhverfi kennara sem fylgdu kjarasamningum árið 2014. Á fundi kennara voru skipaðir 3 kennarar í þennan vinnuhóp innan sveitarfélagsins og er það þau Árni Þór Hilmarsson, Gyða Björk Björnsdóttir og Fríður Sæmundsdóttir, auk þeirra munu skipa þennan vinnuhóp skólastjóri og fulltrúar frá sveitarfélaginu.

4. Rekstur 2016

Skólastjóri fór yfir rekstur Flúðaskóla, mötuneytisins og Skólasels fyrir árið 2016. Heildarniðurstaðan er sú að reksturinn var 4 milljónum undir áætlun. Gert var ráð fyrir kostnaði upp á 219 milljónir en niðurstaðan var 215 milljónir. Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðuna.

5. Umsókn um greiðsluþátttöku

Fyrir liggur beiðni um greiðsluþátttöku vegna nemanda sem óskað hefur verið eftir að stundi nám í grunnskóla utan sveitarfélagsins en er með lögheimili hér í sveitarfélaginu. Skólanefnd leggur til að beiðnin verði samþykkt.

6. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:35